

# ÞRÍHNÚKASETUR – FERÐAMANNASTAÐUR



\*myndin er tekin af veraldarvefnum.

Ingibjörg G. Guðjónsdóttir

Unnið fyrir Þríhjúka ehf.

## **EFNISYFIRLIT**

- 1. INNGANGUR**
- 2. HUGMYNDAVINNA GREINARGERÐAR**
- 3. ÞRÍHNÚKASETUR - ELDFJALLASAFN ÍSLANDS**
- 4. ELDFJALLAGÆÐURINN Á REYKJANESI OG ÞRÍHNÚKASETUR**
- 5. AFÞREYING OG AFÞREYINGARMÖGULEIKAR ÞRÍHNÚKASETURS**
  - i. ELDFJALLA- VÍSINDA- OG HIMNASETUR VIÐ ÞRÍHNÚKA**
  - ii. HLOTVERK ÞRÍHNÚKASETURS**
  - iii. FRÆÐSLA Í ÞRÍHNÚKASETRI**
  - iv. GÖNGUSTÍGAR VIÐ ÞRÍHNÚKASETUR**
  - v. MINNJAGRIPASALA ÞRÍHNÚKASETURS**
  - vi. VEITINGASALA OG VEISLUR Í ÞRÍHNÚKASETRI**
  - vii. ÞRÍHNÚKAR Í TENGLUM VIÐ AÐSTÖÐU Á SVÆÐINU**
- 6. MARKHÓPAR ÞRÍHNÚKASETURS**

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Fríðu Bjargar Eðvarðsdóttur hjá VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd Þríhnúka ehf. gerði ég, Ingibjörg G. Guðjónsdóttir eftirfarandi greinargerð vegna fyrirhugaðara framkvæmda á svæðinu. Ég kem að daglegum rekstri þriggja ferðaþjónustufyrirtækja, Íslandsflakkara ehf. Íslenskra Fjallaleiðsögumanna ehf. og Íslensks Ferðamarkaðar ehf. og starfa ég einnig sem leiðsögumaður hjá þeim.

## 2. HUGMYNDAVINNA GREINARGERÐAR

Í gegnum starf mitt hef ég öðlast víðtæka reynslu í uppsetningu á ferðum og afþreyingu fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn. Ég ákvað því að setja upp “*gleraugu með víðu sjónarhorni*” þegar ég fór að vinna að þessari greinargerð. Það geri ég til að sýna fram á að notagildi Þríhnúka sem ferðamannastaðar getur verið mjög mikil ef hlutirnir eru upphugsaðir sem slíkir frá grunni og í mjög víðu samhengi.

## 3. ÞRÍHNÚKASETUR - ELDFJALLASAFN ÍSLANDS

Gígketillinn í Þríhnúkum er líklega 3800 ára gamalt eldvarp. Hann er upb. 120 metra djúpur og sá stærsti sem þekktur er á Íslandi, Frá gígbotninum liggur 15 metra langur afhellir.

Gíginn mætti opna bæði uppi og niðri og í tengslum við hann verði byggt upp Eldfjallasafn Íslands.

Gengið væri inn í hann að ofan gegnum göng sem boruð væru inn í hann og inn á útsýnispall, þaðan væri lyfta niður á botn gígsins og þar lægi brautarspor eftir gígbotninum og út úr gígnum um afhellinn, eða gegnum göng. Þetta væri gert þannig úr garði að það liti út fyrir að ekið væri á logandi hraunkviku efir gangabotninum.

Við báða inngangana væri aðkomuhús með þjónustu og aðgöngumiðasölu að safninu.

Markhópurinn í sölu aðgöngumiða væri jafnt innlendir sem erlendir ferðamenn og markmiðið væri að vera með minnst 500.000 gesti á ári. Það er ekki óraunsætt út frá komutölum í Bláa Lóninu, en til þess að ná þeim fjölda þyrfti “VÁIÐ” að vera mikið og til þess að gera “VÁIÐ” mikið þarf að gera Þríhnúkagígn þannig úr garði að hann geti tekið mikinn fjölda fólks og hægt verði að hafa sem fjölbreytilegast notagildi í honum. Þá ætti sá fjöldi fólks að geta farið vaxandi með fjölgun ferðamanna og fjölgun Íslendinga.

Til að byrja með yrði að fara í mjög víðtæka markaðsherferð og því þyrfti að tryggja langvarandi fjármögnun verkefnisins því að vandamál ferðaþjónustunnar er það, að erfitt er fyrirfram að selja einhvað sem fólk hefur ekki séð og sem er í byggingu, og því þarf mjög polinmótt fjármagn í þetta verkefni.

## 4. ELDFJALLAGAÐURINN Á REYKJANESI OG ÞRÍHNÚKASETUR

Í umræðunni hafa verið uppi hugmyndir um stofnun Eldfjallagarðs á Reykjanesi. Undirrituð telur að stofnun hans samhliða opnun Þríhnúka hafi tvímælalaust feikilegt aðdráttarafi við markaðsetningu á öllum þeim þáttum sem mætti draga inn í slíkan garð og kemur Þríhnúkagígur tvímælalaust þar mjög sterkt inn í.

Til þess að selja svo ímyndina þyrfti að hafa einhver góð nöfn á Eldfjalla- garðinum eins og til dæmis:

- **Iceland Volcanoes National Park = IVNP**
- **Iceland Volcanoes Regional Park = IVRP**
- **Iceland Volcanoes Observatory = IVO**

- **Iceland Volcanoes Park = IVP**

Síðan þyrfti að búa til hentugar hringleiðir ferðamanna, sem taka mið af Þríhnúkum og þar þyrfti sérstaklega að huga að hentugum hringvegatengingum og vitaskuld þyrftir að finna gott og sölulegt nafn á þann hring eins og til dæmis:

- **The Fire Circle = Eldhringurinn**
- **The Volcanic Circle = Eldfjallahringurinn**

- **HUGMYNDIR AF MÖGULEGUM FERÐAMANNAHRINGJUM**

- A. Þríhnúkar Express, Þríhnúkar aðkoma að ofan frá Bláfjöllum og brottför að neðan.
- B. Stóri klassíski Reykjaneshringurinn og Þríhnúkar, – Þríhnúkar aðkoma að neðan - brottför í rúta að ofan gegnum Bláfjöll.
- C. Bláa Lónið – Suðurstrandarvegur – Krísuvík – Þríhnúkar aðkoma að neðan og brottför í rúta að ofan gegnum Bláfjöll.
- D. Bláa Lónið - Vigdísarvallaslóði og Breiðdalsslóði - Þríhnúkar aðkoma að neðan og brottför í rúta að ofan gegnum Bláfjöll.
- E. Gígar og eldvörp á Reykjanesi – Þríhnúkar.
- F. Hengladalir – Nesjavellir – Þingvellir – Suðurströnd – Krísuvík – Þríhnúkar aðkoma að neðan og brottför í rúta að ofan gegnum Bláfjöll.
- G. Hafnarfjörður - Þríhnúkar aðkoma að neðan og brottför í rúta að ofan gegnum Bláfjöll – Heiðmörk, gengið í Búrfellsgjá.
- H. Hafnarfjörður - Þríhnúkar aðkoma að neðan og brottför í rúta að ofan gegnum Bláfjöll, Gönguskíði eða Snjóprúguganga – Reykjavík.
- I. Hellisheiðarvirkjun – Þríhnúkar aðkoma að ofan í gegnum Bláfjöll og brottför að neðan í rútu.
- J. Ölkelduháls – Þríhnúkar.
- K. Ölkelduháls – Þúsundvatnaleiðin niður í Hellisheiðarvirkjun – Þríhnúkar – aðkoma að ofan og brottför í rúta að neðan gegnum Hafnarfjörð.

## **5. AÐFREYING OG AÐFREYINGARMÖGULEIKAR ÞRÍHNÚKASETURS**

Mikilvægt er að bjóða upp á sem víðtækasta aðfreyningarmöguleika í tengslum við Þríhnúka svo að fólksfjöldinn verði sem þéttastur.

Hér fyrir neðan koma nokkrar hugmyndir af aðfreyningarmöguleikum sem ferðamaðurinn og ferðaþjónustan gætu nýtt sér í sambandi við opnun Þríhnúka.

### **i. ELDFJALLA-, VÍSINDA OG HIMNASETUR VIÐ ÞRÍHNÚKA**

Fókusinn væri á *“Jarð- og Eldfjallafræði Íslands”* en einnig mætti hugsa sér að vera með víðari fókusi td. *“Norðurljósasetur”* og / eða *“Stjörnuasetur”* sér í lagi ef þar væru aðkomuhús báðum megin. Þar væri þá hægt að vera með Norðurljósa- og Stjörnuasetrin við neðra aðgengi þar sem þar er meira myrkur og Bláfjöllin með alla sína ljóskastara á vetrum, sem truflar sýn til störnubjarts himins.

- Jarð- og Eldfjallasetur Íslands
- Norðurljósasetur
- Stjörnuasetur

### **ii. HLOTVERK VÍSINDASETURS ÞRÍHNÚKA**

- Gæti verið rannsóknarsetur um eldfjallavirkni Íslands í tengslum við Háskóla Íslands eða / og skóla Sameinuðu þjóðanna í jarðhita og eldfjallafræðum.
- Safnið gæti haft með höndum skráningu og eftirlitsskyldu með hellum og eldgígum og öðrum þeim fyrirbærum sem þykkir vert að vernda og rannsaka.

### iii. FRÆÐSLA Í VÍSINDASETIR ÞRÍHNÚKA

- 3D gagnvirk fræðsla væri á svæðinu, steina- og steindasafn og ýmis konar vísindaþrautir er tengjast eldfjalla efninu.
- Fræðsla um myndun Hraunhella og leiðbeiningar um umgengni um þá.
- Fræðsla um mismunandi myndanir gíga, hrauntraða og annarra jarðfræðifyrirkæra tengdum eldvirkni.
- Skólahópar. Það þyrfti að gera ráð fyrir að skólahópar gætu komið og unnið þarna verkefni og þeir gætu þá jafnvel leigt skálaaðstöðu í Bláfjöllum ef skólarnir hefðu áhuga á að gera þetta að ferðalagi út úr bænum.
- Vísinda- og fræðslufyrirlestrar frá Íslenskum sem erlendum vísinda- og fræðimönnum.
- Myndasýningar um náttúrufræðislegu tegnd eldvirkni.
- Í tengslum við gíginn væru einnig opnaðir upp hellar í nágrenninu og þetta svo tengt við hugmyndina um eldfjallagarð á Reykjanesi.
- Hellisheiðarvirkjun sem Orkuveitan er nú þegar búin að útbúa að hluta, til móttöku á ferðamönnum og gæti einnig nýst í þematengdar ferðir eins og til dæmis *“Orka úr iðrum jarðar og eldvirkni”*

### iv. GÖNGUSTÍGAR VIÐ ÞRÍHNÚKASETUR

Göngustígakerfi þyrfti að verða byggt upp við og kringum gíginn til að beina umferð fólks um svæðið af viðkvæmri mosapembu sem þolir illa að gengið sé á henni. Gera mætti skemmtilega þematengda göngustíga (fræðslustíga) eins og til dæmis þessa:

- **JARÐSÖGUSTÍGURINN** þar sem á t.d. 10 metra fresti gerist einhvað nýtt í sköpunarsögusögu jarðar.
- **PLÁNETUSTÍGURINN** þar sem afstaða pláneta á stígnum væri staðsett í samræmi við fjarlægðir í geimnum og fræðsla um hverja plánetu.
- **NORÐURLJÓSASTÍGURINN** þar sem á reglulegum fresti væru upplýsingar um Norðurljósin, þar gætu blandast saman vísindafræðsla um t.d. hvers vegna norðurljósin eru í mismunandi litum og hvers vegna þau eru til og hvers vegna þau sjást bara á ákveðnum stöðum á jörðinni, og svo gætu einnig verið við stíginn þjóðfræðilegar útskýringar á fyrirbærinu, bæði frá Íslandi en einnig frá mismunandi löndum.
- **STJÖRNU- OG STJÖRNUMERKJASTÍGURINN** þar sem stjörnur og afstaða þeirra væri sýnd sem og fræðsla um stjörnumerkin og þjóðsögur tengdar þeim bæði Íslenskar og erlendar.

### v. MINNJAGRIPASALA ÞRÍHNÚKASETURS

Safnið gæti aflað sér ýmiss konar aukatekna með minnjagripasölu sem væri sérstaklega tengd efninu, svo sem .

- Vikursteinar.

- Líkan af Þríhnúkum osf...
- Snyrtivörur; Td. Sápa unnin úr íslenskri sauðafitu íblandaðri fínum vikursalla. Jarðleirsmaski. Jarðleirsskrúbb með vikursalla...
- Hraunleirmunir. Hraunmyndir. Bolir með myndum af eldfjöllum og eldvirkni af ýmsum toga ...
- Dvd um eldfjöll og virkni, dagtöl, dagbækur, Dvd skjámyndir...
- og svo ef þetta væri líka tengt við norðurljósinn þá væri hægt að gera ýmsa minnjagripi tengda því....

## **vi. VEITINGASALA ÞRÍHNNÚKASETURS**

Þríhnúkagígur væri frábær staður til að halda allskyns uppákomur. Hægt væri að hafa uppákomur af ýmsu tagi bæði á útsýnispallinum og í gígbotninum.

Þar sem Þríhnúkageimurinn er risastór þá væri hægt að koma ca. 100 manns á pallinn og í gígbotninum væri hæglega hægt að taka á móti ca. 150 manns. Þetta væri einstakur staður til menningarviðburða af ýmsum toga og hefði feikilegt aðdráttarafl sem slíkur í útleigu til sérhópa sem þá myndu leigja allan staðinn fyrir sína viðburði.

- Veitingasala lítil eða stór allt eftir því hversu safnið vill verða víðfemt og stórt í sniðum.
- Einnig mætti gera aðstöðuna þannig úr garði að ekkert yrði eldað á staðnum heldur yrði allt flutt þangað tilbúið frá veitingasölum í nágrenninu.

### **• HUGSANLEGIR VIÐBURÐIR Í ÞRÍHNNÚKASETRI**

- Matarveislur og pinnaboð
- Tónlistarviðburði
- Hlóðffæraeinleik
- Söngur
- Kokteilboð
- Fyrirlestra
- Kynningar
- Sýningar
- ...og margt fleirra.

## **vii. ÞRÍHNNÚKAR Í TENGLUM VIÐ AÐSTÖÐU Á SVÆÐINU**

### **• BLÁFJÖLL, STÍGAR OG AFÞREYING**

Hægt væri að nota Bláfjöll og þá aðstöðu sem þar er til nú þegar, til að fá meira líf í svæðið yfir sumartímenn og vetrartímenn. Til dæmis mætti laga til svæðið og gera skíðabrautir þannig úr garði að hægt væri að nota þær fyrir aðra afþreyingu á sumrin. Erlendis eru skíðastaðir iðulega einnig notaðir að sumarlagi sem sumarleyfisstaðir og skíðabrautum breytt í aðra tegund af afþreyingu. Hér koma nokkrar hugmyndir af því hvernig mætti nota svæðið og það sem þar er fyrir betur og á ársgrundvelli, eða því sem næst.

### **• Á SUMRINN**

- Fyrir "Down-hill" – "Niður-hæða" hjólaferðir og væri þá hægt í tengslum við það að vera með hjólaleigu þar og veitingasöluna opna meira og minna allt árið.
- Gera Hjólabrettasvæði og BMX hjólaþrautasvæði.

- Merkja gönguleiðir á svæðinu og útbúa göngustígakerfi um svæðið.
- Byggja upp gönguleiðir um gíga og önnur viðkvæm náttúruferðar þannig að þau muni ekki skemmast meira en stýrð gönguleið gerir ráð fyrir.
- Gera göngufólki einnig kleift að fara upp á topp í skíðalyftu og að það geti gengið um svæðið.
- Leigja svefnpokagistingu á sumrin í skálunum.

- **Á VETURNAR**

- Gönguskíðaleiga
- Snjóþrúguleiga

- **AÐRIR HELLAR Á SVÆÐINU**

Nokkrir hellar eru þekktir á svæðinu og eflaust eru þar fleirri óþekktir hellar. Mikilvægt væri að opna einn fallegan helli með fallegum hraunstráum sem hægt væri að útbúa þannig úr garði að mannhöndin gætti ekki brotið hraunstráin eða skemmt aðrar fallegar hraunmyndanir.

## 6. MARKHÓPAR ÞRÍHNÚKASETURS

Markhópar Þríhnúka væru allir þeir innlendu og erlendu ferðamenn sem hafa áhuga á eldvirkni jarðarinnar og þeim fyrirbærum sem tengjast þeim. Hér á eftir kemur flokkun á nokkrum mögulegum markhópum Þríhnúkagígs.

- **MARKÓPAR – INNLENDIR FERÐAMENN**

Tiltölulega auðvelt er að sækja inn í þennan hóp þar sem Íslendingar eru upp til hópa áhugasamir um land og þjóð og alltaf er verið að leita að nýjum hlutum til að gera og skoða.

- **SKÓLAHÓPAR**

- Barnaskólar, framhaldskólar og háskólar sem og aðrir sérskólar gætu notað safnið í tengslum við jarðfræðifræðslu skólanna. Í tengslum við Þríhnjúka væri hægt að útbúa verkefnabók sem mætti nota við kennslu þessara skólahópa er þeir heimsækja staðinn.

- **VINNU- OG VINAHÓPAR**

- Gætu notað safnið í fræðsluferðum en einnig eru óvissuferðir í sívaxandi mæli að verða vinsælli og vinsælli.

- **EINSTAKLINAR**

- Safnið ætti að draga að sér einstaklinga sem hafa áhuga á náttúrunni og langar til að kynna sér það einstaka fyrirbæri sem Þríhnúkar eru.

- **MARKHÓPAR – ERLENDIR FERÐAMENN**

Erlendir ferðamenn sem koma til Íslands eru nú um 500.000, ef við teljum skemmtiferðaskipin með, en þau eru ekki inn í tölum um fjölda ferðamanna á Íslandi þar sem þeir gista ekki í

landinu. En skemmtiferðafarþegar eru vissulega stór markhópur þar sem þau stoppa flest öll í Reykjavík.

- **SKÓLAHÓPAR**

- Barnaskólar, framhaldsskólar og háskólar sem og aðrir sérskólar gætu notað safnið í tengslum við jarðfræðifræðslu skólanna. Í tengslum við Þríhnjúka væri hægt að útbúa verkefnabók sem mæti nota við kennslu þessara skólahópa er þeir heimsækja staðinn. Útbúa þyrfti verkefnabókina á nokkrum erlendum tungumálum.

- **HVATAFERÐA- OG RÁÐSTEFNUHÓPAR**

Ört vaxandi markaður er fyrir hvataferðalausnir ýmiss konar fyrir hina erlendu gesti sem sækja okkur heim. Hvataferðahópar hafa lítinn tíma. Þeir gista oftast í Reykjavík og keyra frá hálfum til þrjá daga út frá höfuðborginni. Á síðustu árum hefur átt sér stað feiki mikil uppbygging á hótélum í Reykjavík og við byggingu nýja ráðstefnuhótelsins við Höfnina í Reykjavík ætti að opnast geysimikið af tækifærum í hvata- og ráðstefnutengdum hópum sem eru alltaf að leita að tækifærum til að skemmta sér ekki of langt frá Hótelinu sem þeir gista á:

- Hvataferðir
- Ráðstefnuhópar

- **SKEMMTIFERÐASKIP**

Ört fjölgandi umferð skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur að sumarlagi veitir tækifæri til að ná í mikinn fjölda af fólki í einu sem fara í dagsferðir út frá Reykjavík.

- **DAGSFERÐALNGAR**

Dagsferðir í rútu frá Reykjavík njóta mikilla vinsælda og þar liggja einnig mikil tækifæri við markaðssetningu Þríhnjúka. Því þarf að koma inn í skemmtilega ferðamannahringi á svæðinu, en einnig og ekki síst sem sérferð í Þríhnjúka.

- **EINSTAKLINGAR Á BÍLALEIGUBÍL**

Einstaklingar á bílaleigubílum sem ferðast sjálfstætt um landið, er ört vaxandi hópur sem sækir Ísland heim, í miklum mæli á sumrin en þeim fer einnig fjölgandi ferðamönnum sem leigja sér bílaleigubíl á vetrum.

Á veturna gista flestir þessara ferðamanna í Reykjavík og leita þess vegna að afþreyingu í dagsfæri frá höfuðborginni og þar kæmu Þríhnjúkar sterkt inn.

- **HÓPFERÐIR**

Hópferðalangar eru einnig stór hluti af ferðamönnum á Íslandi í dag. Deilt er um hvort að hópferðir fari minnkandi eður ei. Ég tel erfitt að spá fyrir um þetta en ég held að hópferðir í framtíðinni muni í það minnst verða ferðir með eldri borgara annars vegar og svo hins vegar skólahópa þegar verið er að horfa á hópa sem stoppa í viku til tvær.

Hinn hópferðahópurinn er svo hvataferða- og ráðstefnugestir sem ferðast einnig í hópum á milli staða.